



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
á ljósmyndum úr safni
Halldórs Laxness
Þjóðmenningarhúsinu
17. júní 2008**

Ágætu gestir.

Það er vel við hæfi að opna sýningu á ljósmyndum úr safni Halldórs Laxness á þjóðhátíðardaginn 17. júní því fáir ef þá nokkur hafa á lýðveldistíma mótað sjálfstæðisvitund Íslendinga jafn ríkulega.

Sú ættjarðarást sem okkur er töm sækir margþætta næringu í ritverk Halldórs; Maístjarnan orðin hinn alþýðlegi þjóðsöngur æskufólksins. Íslandsklukkan, Heimsljós, Salka Valka, Gerpla, Paradísarheimt, Brekkukotsannáll; persónurnar og viðburðirnir, samtölin og orðaleikir – allt er þetta fjársjóður sem við grípum til þegar við reynum að glöggva okkur á hvað felst í því að vera Íslendingur. Verkin eru orðin okkar heimur, skáldskapurinn umlykur og túlkar það Ísland sem okkur er kært.

En hvernig var heimur Halldórs sjálfs, veröld hins daglega lífs sem myndaði umgerð um innblástur hans? Hvernig var fólkið sem hann mætti á vegferð sinni, á ferðalögum á fjarlægum slóðum, og hinir sem voru hluti þess hversdagslega? Hvert beindi hann ljósopinu til að fanga augnablikið; ekki með orðum heldur á svarthvítri filmu?

Duna segir að pabbi sinn hafi um tíma verið með ljósmyndadellu og hvílíkt lán fyrir okkur hin! Við getum gægst í gegnum linsuna á myndavél skáldsins, orðið samferða honum á ferðalögum, gestir í hversdagslífi, notið snöggfærðrar sýnar skáldsins á fjölskylduna, heimilið, landslagið og náttúruna.

Við getum jafnvel skemmt okkur við þessa hugsun: Hvar værum við sjálf, íslenska þjóðin, ef Halldór hefði tekið meira ástfóstri við myndavél sína en penna? Hvernig væri arfleifð hans? Hefði hann náð valdi á hinni svarthvítu list, hefði ljósmyndarinn Laxness birt okkur sömu töfra með ljósi og skugga og skáldið gerði með orðsins list?

Það er í senn gaman og efniviður í umræður og vangaveltur að njóta á þann hátt sýningarinnar úr safni Halldórs, gaman fyrir okkur sem vorum svo lánsöm að eiga hann að samtíðarmanni og líka hina yngri sem þekkja hann aðeins af verkunum.

Hér er Halldór kominn sjálfur með sitt fólk, Auði og fjölskylduna, samferðarmenn og féлага á góðum stundum.

Þetta safn og fleiri slíkar myndir eiga í aldanna rás eftir að verða sífellt forvitnilegri – þegar sagan hefur skapað álíka fjarlægð á Halldór og við höfum nú á Hallgrím Pétursson, Jónas eða Snorra Sturluson. Ímyndum okkur hvað væri skemmtilegt að eiga ljósmyndir sem þeir hefðu tekið: Snorri í veislu með frændum sínum, Sturlungar á rökstólum eða að spjalli í heitri laug; Jónas á ferðalagi fyrir norðan eða góðglaður á vinstofu í Kaupmannahöfn; Hallgrímur þegar hann hitti Guðríði sína eða í hempunni á leið úr kirkju!

Við slíkan hugarleik sjáum við betur verðmæti þessara mynda fyrir kynslóðir í framtíðinni.

Þær eru ekki aðeins efniviður sem færir okkur nær mesta rithöfundi Íslands á okkar tímum heldur líka dýrmæt heimild um veröld sem var, augnablik í lífshlaupi skálds sem var virkur þátttakandi í átökum og umbrotum liðinnar aldar en átti sér jafnframt stundir friðsældar í faðmi fjölskyldunnar, tíma kyrrðar og vinafunda áður en nýr dagur rann og aftur var gengið að púltinu þar sem pappírinn beið.

Ég þakka fjölskyldunni og öllum þeim sem sett hafa saman þessa heillandi sýn á Halldór Laxness og lýsi því yfir að sýningin er hér með opnuð.